



Nýsköpun og frumkvöðlafræði 2 – NÝS2B02

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Reynir Már Ásgeirsson

Netfang/netföng:

reynir.asgeirsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er sjónum beint að nýsköpunarferlinu, sem spannar allt frá ólíkri aðferðarfræði við hugmyndaleit til þess að ný vara/þjónusta er boðin á frjálsum markaði. Einnig verður komið inn á mikilvægi tengslaneta, gerð algengra greininga og kannana til að bæta árangur. Nemendur fá þar að auki þjálfun í að setja upp einfaldar viðskipta-, verk- og fjárhagsáætlanir. En í lok áfangans skulu nemendur vera komnir með vel mótaða *nýsköpunar*- hugmynd sem þeir geta þá þróað og unnið með lengra á síðari stigum.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Nýsköpunarferlinu; allt frá hugmyndaleit til þess að vara sé boðin á markaði.
- Vönduðum undirbúningi og skipulagi við framkvæmd hugmynda.
- Mikilvægi samskipta og góðs tengslanets til að ná árangri.
- Gerð viðskiptaáætlana og fjármögnunar á verkefnum.
- Mikilvægi óhlutdrægrar/vísindalegrar þekkingar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Hugsa á skapandi og lausnamiðaðan hátt.
- Leita samstarfs við sérfræðinga og aðra við þróun og framkvæmd hugmynda.
- Nýta sér ólíka aðferðarfræði í hugmyndaleit.
- Afla sér vísindalegrar þekkingar með hjálp veraldarvefsins.
- Hrinda mismunandi hugmyndum í framkvæmd á samfélagslega ábyrgan hátt.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í nýsköpunar- og frumkvöðlastarfi með fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg markmið að leiðarljósi; sem metið er með verkefnum, þátttöku í umræðum og jafningjamati.
- Hrinda hugmynd í framkvæmd á samfélagslega ábyrgan hátt; sem metið er með verkefnum, þátttöku í umræðum, kynningum og jafningjamati.
- Taka þátt í hópstarfi til að vinna hugmyndum brautargengi sem hafa jafnrétti, sjálfbærni og öflugt atvinnulíf að markmiði; sem metið er með verkefnum og þátttöku í umræðum.

Námsmat:



Þekkingaröflun	15%
Hugmyndaleitarverkefni	30%
Kennslu- og verkefnabók.....	55%

Námsmat áfangans er þríþætt. Kennslu- og verkefnabók sem telur 55% af heildarmati. Verkefnabókin inniheldur mörg smærri verkefni sem nemendur leysa jafnt og þétt yfir önnina. Nemendur vinna einnig saman í hópum að lausn tveggja stærri verkefna. Fyrri hópverkefnið fæst við þekkingaröflun og telur 15% af námsmati. Seinna hópverkefnið — sem snýr að hugmyndaleit — er jafnframt lokaverkefni áfangans og gildir 30% af námsmati.

Námsgögn:

Nýsköpunarbókin nr. 2; kennslubók með verkefnum. Höfundur Óttar Ólafsson. Útgefandi: Mennt er máttur sf.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Gerð er krafa um að óútskýrðar fjarvistir fari ekki upp fyrir 10% af heildarmætingu — í samræmi við skólasóknarreglur. Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	5.-6. janúar	Velkomin: Kynning á áfanganum	
2	9.-13. janúar	Hringrásarhagkerfið: Verkefni 1	
3	16.-20. janúar	Deiliahagkerfið: Verkefni 2 og 3	
4	23.-27. janúar	Vistvæn nýsköpun: Verkefni 4	
5	30. jan-3. febrúar	Þekkingaröflun: Hópverkefni	
6	6.-10. febrúar	Þekkingaröflun: Hópverkefni	Þekkingaröflun (15%) Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Hugmyndaleit: Verkefni 5, 6 og 7	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Business Model Canvas: Verkefni 9	Vorannarhlé
9	28. febrúar-3. mars	Business Model Canvas: Verkefni 10	
10	6.-10. mars	Business Model Canvas: Verkefni 11	
11	13.-17. mars	Business Model Canvas: Verkefni 12	
12	20.-24. mars	Business Model Canvas: Verkefni 13	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Business Model Canvas: Verkefni 14 og 15	Kennslu- og verkefnabók (55%) Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Páskafri — (<i>Business Model Canvas</i>)	
16	17.-21. apríl	Hugmyndaleitarverkefni: Lokaverkefni	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Hugmyndaleitarverkefni: Lokaverkefni	
18	1.-5. maí	Hugmyndaleitarverkefni: Lokaverkefni	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Kynning á lokaverkefni	Hugmyndaleitarverkefni (30%)
20	15.-16. maí	Yfirlit og upprifjun	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.